

Austurbrú ses.  
Ársreikningur 2022

Austurbrú ses.  
Tjarnarbraut 39e  
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 605 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 6 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 254 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 85 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 169 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir 169 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og erum í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurbrúar ses. hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Austurlandi, 28. apríl 2023

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Austurlandi, 28. apríl 2023

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög .....	9	185.951.147	188.941.962
Aðrar tekjur .....	10	418.554.664	366.752.654
		<u>604.505.811</u>	<u>555.694.616</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	11	335.089.753	299.709.967
Annar rekstrarkostnaður .....		261.977.484	240.085.419
Afskriftir .....	12	3.771.076	4.336.750
		<u>600.838.313</u>	<u>544.132.136</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		3.667.498	11.562.480
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		2.597.091	974.760
Vaxtagjöld .....		( 591.620)	( 467.612)
		<u>2.005.471</u>	<u>507.148</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins .....</b>	15	<u>5.672.969</u>	<u>12.069.628</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	7.865.792	10.360.698
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	13	1.040.000	340.000
		<u>8.905.792</u>	<u>10.700.698</u>
	Fastafjármunir		
Viðskiptakröfur .....	14	26.080.998	13.323.380
Aðrar skammtímakröfur .....		12.211.428	15.227.962
Handbært fé .....	7	207.228.480	166.509.838
	Veltufjármunir	<u>245.520.906</u>	<u>195.061.180</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>254.426.698</u>	<u>205.761.878</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé .....		83.102.562	77.429.593
	Eigið fé	<u>84.702.562</u>	<u>79.029.593</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldbinding vegna vaxtasamnings Austurlands .....		0	3.903.095
	Langtímaskuldir	<u>0</u>	<u>3.903.095</u>
Viðskiptaskuldir .....		38.884.625	50.346.350
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	8	80.694.878	33.516.132
Aðrar skammtímaskuldir .....		50.144.633	38.966.708
	Skammtímaskuldir	<u>169.724.136</u>	<u>122.829.190</u>
	Skuldir samtals	<u>169.724.136</u>	<u>126.732.285</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>254.426.698</u>	<u>205.761.878</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....	15	5.672.969	12.069.628
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	( 592.000)
Afskriftir .....	12	3.771.076	4.336.750
Vaxtasamningur, breyting .....		( 3.903.095)	0
Veltufé frá rekstri		<u>5.540.950</u>	<u>15.814.378</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 9.741.084)	( 906.049)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		46.894.946	2.508.120
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>37.153.862</u>	<u>1.602.071</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>42.694.812</u>	<u>17.416.449</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	12	( 1.276.170)	( 9.332.726)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	1.200.000
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum .....		( 700.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 1.976.170)</u>	<u>( 8.132.726)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		40.718.642	9.283.723
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		166.509.838	157.226.115
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>207.228.480</u>	<u>166.509.838</u>



# Skýringar

## 1. Stofnunin

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 3. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstigi.

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisýrnum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar .....	3 - 5 ár
Skrifstofubúnaður .....	3 ár

### 5. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisýrnum, ef við á.

### 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### 7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

### 8. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 80,7 millj. kr. í árslok 2022 og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda.

### 9. Framlög

Framlög greinast þannig:	2022	2021
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála .....	96.546.000	95.989.564
- Grunnframlag .....	64.200.000	63.680.000
- Viðbótarframlag .....	30.000.000	30.000.000
- Sérstök úthlutun til háskólamála .....	2.346.000	2.309.564
Framlög frá Byggðastofnun .....	27.210.104	27.342.000
Framlög frá Ferðamálastofu .....	22.000.000	22.000.000
Framlög frá sveitarfélögum .....	40.195.043	43.610.398
Framlög samtals .....	185.951.147	188.941.962

# Skýringar

## 10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2022	2021
Tekjur vegna háskóla og rannsókna .....	47.595.349	18.207.845
Tekjur vegna símenntunar .....	75.605.794	64.977.247
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmála .....	177.144.085	160.265.852
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða .....	43.708.387	40.700.000
Tekjur vegna umsýslu SSA og SV-Aust .....	53.942.801	58.541.668
Aðrar tekjur .....	20.558.248	24.060.042
Aðrar tekjur samtals .....	<u>418.554.664</u>	<u>366.752.654</u>

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	266.481.471	237.569.099
Móttframlag í lífeyrissjóð .....	35.056.505	31.181.798
Önnur launatengd gjöld .....	26.454.380	22.760.991
Áfallið orlof, breyting .....	1.722.651	4.310.008
Annar starfsmannakostnaður .....	5.374.746	3.888.071
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>335.089.753</u>	<u>299.709.967</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	26,0	28,0
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	24,5	25,9
Ársverk .....	25,8	24,6
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar .....	30.877.370	29.683.131

## 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2021.....	10.450.000	9.547.520	19.997.520
Viðbót á árinu .....	7.050.000	2.282.726	9.332.726
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 6.080.000)	( 1.950.032)	( 8.030.032)
Heildarverð 31.12.2021.....	11.420.000	9.880.214	21.300.214
Viðbót á árinu .....	0	1.276.170	1.276.170
Selt á árinu .....	0	( 2.744.583)	( 2.744.583)
Heildarverð 31.12.2022.....	<u>11.420.000</u>	<u>8.411.801</u>	<u>19.831.801</u>
Afskrifað samtals 1.1.2021.....	8.704.200	5.320.598	14.024.798
Afskriftir færðar út við niðurfærslu .....	( 5.472.000)	( 1.950.032)	( 7.422.032)
Afskriftir ársins .....	1.878.750	2.458.000	4.336.750
Afskrifað samtals 31.12.2021.....	5.110.950	5.828.566	10.939.516
Afskriftir færðar út við niðurfærslu .....	0	( 2.744.583)	( 2.744.583)
Afskriftir ársins .....	1.606.590	2.164.487	3.771.077
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	<u>6.717.540</u>	<u>5.248.470</u>	<u>11.966.010</u>
Bókfært verð 31.12.2021.....	6.309.050	4.051.648	10.360.698
Bókfært verð 31.12.2022.....	4.702.460	3.163.331	7.865.792
Afskriftahlutföll .....	20%-33%	33%	

# Skýringar

## 13. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2022	
	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag .....	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag .....	140.000	140.000
Papeyjarferðir, eignarhlutur .....	500.000	500.000
Kornfélagið, eignarhlutur .....	200.000	200.000
Starfsendurhæfing Austurlands .....	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta .....	0	( 100.000)
	<u>1.040.000</u>	<u>1.040.000</u>

## 14. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2022	2021
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	2.723.045	3.068.251
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	942.362	( 345.206)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>3.665.407</u>	<u>2.723.045</u>

## 15. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	1.600.000	65.359.965	66.959.965
Hagnaður ársins.....	0	12.069.628	12.069.628
Eigið fé 31.12.2021.....	<u>1.600.000</u>	<u>77.429.593</u>	<u>79.029.593</u>
Hagnaður ársins.....	0	5.672.969	5.672.969
Eigið fé 31.12.2022.....	<u>1.600.000</u>	<u>83.102.562</u>	<u>84.702.562</u>

## 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.